

4. fundargerð Skólaráðs Grunnskólans á Hólmavík

Dags: 26 apríl 2012.

Staðsetning: Í Grunnskólanum á Hólmavík

Fundartími: klukkan 17:00 – 19:30

Til fundarins mættu eftirtaldir fulltrúar í Skólaráði: Bjarni Ómar Haraldsson, Jóhanna Ása Einarsdóttir, Vala Friðriksdóttir, Sigrún María Kolbeinsdóttir, Jóhanna Kristveig Guðbrandsdóttir, , Kolbrún Þorsteinsdóttir, og Margrét Vera Mánadóttir. Sverrir Guðmundsson og Stella Guðrún Jóhannsdóttir boðuðu forföll.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Kynning á skýrslu Menntamálaráðuneytisins vegna úttektar ráðuneytisins á Grunnskólanum á Hólmavík vorið 2012.

Skólaráð kynnti sér skýrslu ráðuneytisins. Voru allir sammála um að best væri að varpa henni upp með skjávarpa og lesa skýrsluna í heild sinni svo ekkert yrði útundan með möguleika á að hægt væri að skýra einstaka þætti samhliða lestrinum. Að heildarlestrinum loknum var umræða um niðurstöðurnar og nokkra þætti úr henni s.s. námskeiðssókn kennara og rétt þeirra til fjármuna til að sækja námskeið á vegum KÍ. Skólaráð samþykkti einróma eftirfarandi ályktun:

Skólaráð fagnar framkominni úttektarskýrslu Menntamálaráðuneytisins og þeirri úttekt sem farið hefur fram á starfsemi Grunnskólans á Hólmavík. Skýrslan er mikilvægt innlegg í umræðu um skólastarfið þar sem hún dregur fram fjölmarga jákvæða þætti í núverandi skólastarfi. Þá lýsir Skólaráð yfir sérstakri ánægju með þá niðurstöðu að starfsfólk, foreldrar og nemendur séu almennt ánægðir með skólann sinn og þær margháttuðu breytingar sem gerðar hafa verið á skólastarfinu á síðustu tveimur árum. Skýrslan er einnig skýr hvað varðar þá þætti sem betur mega fara s.s. hvað varðar kennsluhætti, skóla- og bekkjarnámskrár, faglegan undirbúning kennara, endurmenntun, innra mat, aðbúnað nemenda og kennara og óviðunandi ástand húsakosts og skólalóðar. Mikilvægt er að allir leggist nú á árarnar um hlúa að þeim þáttum sem ráðuneytið bendir á að færa megi til betri vegar. Margt í tillögum úttektaraðila kostar mikla fjármuni og hvetur Skólaráð sveitarstjórn Strandabyggðar til að bregðast við þeim kröfum með auknu fjárframlagi til skólans á næstu árum og að samhliða verði ráðist í áætlanagerð sem tryggir úrbætur sem ráðast þarf í vegna húsnæðis og skólalóðar.

Skólaráð vill koma þeirri ósk á framfæri við fræðsluyfirvöld í Strandabyggð að samráð verði haft við alla aðila skólasamfélagsins um úrvinnslu skýrslunnar og samráð haft um þær aðgerðir og umbætur sem ráðist verður í. Skólaráð óskar eftir því að umbótaáætlun verði kynnt Skólaráði um leið og hún liggur fyrir.

2. Tillögur skólastjórnenda að skóladagatali fyrir skólaárið 2012 -2013.

Skólaráð vekur athygli á álitum Menntamálaráðuneytisins, dags. 16. apríl 2012 er lítur að skiptingu skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga. Óskað er eftir því

að skólastjórnendur og fræðslunefnd endurskoði skóladagatalið með hliðsjón af túlkun ráðuneytsins þannig að nemendum séu tryggðir 180 skóladagar. Að öðru leiti samþykkir Skólaráð framkomið dagatal.

3. Drög að kennslumagni, kennsluskipulagi og kennslugreinum skólaárið 2012 - 2013.

Skólaráð samþykkir framkomnar tillögur skólastjórnenda um skiptingu í bekkjardeildir og kennslumagn fyrir skólaárið 2012 - 2013. Skiptingin er með eftirfrandi hætti:

1 – 3. bekkur, 17. nemendur, einn kennari og einn stuðningsfulltrúi.

4. bekkur, 15 nemendur, einn kennari og einn stuðningsfulltrúi.

5. – 7. bekkur, 17 nemendur, tveir kennarar.

8. – 9. bekkur, 25 nemendur, tveir kennarar og stuðningsfulltrúi.

10. bekkur, 6 nemendur, einn kennari.

Tímamagn verði að lágmarki 250 – 270 tímar almenn kennsla og sérkennsla.

Skólaráð telur mikilvægt að endurskoða fyrirkomulag í 1. – 3. bekk og tryggja að tveir stuðningsfulltrúar starfi með kennaranum í þessum bekk vegna ungs aldurs og aldurskiptingar ungra nemenda.

Þá komu fram áhyggjur af því að aðeins einn kennari og einn stuðningsfulltrúi verði í 4. bekk. Fulltrúi foreldra í Skólaráði vill að skoðað sé hvort mögulegt sé að setja 4. og 5. bekk saman, þar með væri komin sú hópstærð sem gæti fengið tvo kennara og einn stuðningsfulltrúa en einn kennari yrði þá með 6. og 7. bekk.

4. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Fundargerð ritaði Bjarni Ómar Haraldsson